

61

15. apríl

6. fl. Tómar tunnur og föt, 25 aura hver tunna og 50 aurar hvert fat.
 7. fl. Timbur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli, 10 aura hvert teningsfet.
 8. fl. Nautgripir og hestar, kr. 5.00 fyrir hvern grip.
 9. fl. Kindur, geitur og loðdýr, kr. 1.00 hvert.
 10. fl. Allar aðrar vörur 10—50 kg með umbúðum, 80 aura hvert stk.
 11. fl. Vörur yfir 50 kg með umbúðum, kr. 1.50 hver 100 kg.
 12. fl. Aðkomuskip, er selja afla sinn til Bolungarvíkur eða leggja hann þar á land til verkunar, skulu greiða:
 a. Af fiski alls konar, þar með sild, koli og smokkfiskur, 40 aura hver 100 kg.
 b. Af skelfiski, 40 aura af hverju máli.

3. gr.

3. málsliður 3. málsgreinar 20. gr. orðist svo:

Brot úr gjaldeiningu reiknast sem heil, þó skal aðeins greiða hálft gjald af því, sem ekki nær 10 kg þunga, og lægst vörugjald skal vera 40 aurar.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 84 26. maí 1944, um breyting á hafnar-reglugerðinni fyrir Bolungarvíkurkaupþún.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. apríl 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

62

15. apríl

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 25 11. febr. 1948, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

Aftan við 10. tölulið 5. gr. reglugerðarinnar koma þrír nýir töluliðir, svo hljóðandi:

- | | |
|---|----------|
| 11. Ufsi, eigi undir 12", I. fl. incl. 30% II. fl. pr. kg. fob. | kr. 1.55 |
| 12. Ufsi, eigi undir 12", II. fl., það sem fram yfir er 30% sem um getur í 11. tölulið pr. kg fob. | — 1.30 |
| 13. Ufsi, eigi undir 12", III. fl. pr. kg. fob. | — 1.10 |

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 128/1947 til að öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 15. apríl 1948.

Jóhann P. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.